

Matorka ehf.  
Hlíðasmára 6  
201 Kópavogur

Reykjavík, 31.10.2022  
UST202202-182/G.S.O.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt uppfærð úrbótaáætlun með athugasemdum**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. ágúst þar sem óskað var eftir útbótaáætlun vegna fráviks sem skráð var í eftirliti þann 8. júní 2021 í fiskeldisstöð Matorku ehf. svæði i5 á Húsatóftum við Grindavík. Umhverfisstofnun hefur nú borist uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikið er eftirfarandi:**

- 1. Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Krafa er um hreinsun frárennslis. Nú rennur frárennslis óhreinsað til sjávar.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að félagið muni hefja hreinsun eigi síðar en 31. desember 2024 eða á meðan lífmassi er innan við 1500 tonn á hverjum tíma. Hreinsun á frárennslis frá eldisstöðinni átti að taka gildi 31. desember 2022 og var hluti af stækkunaráformum félagsins sem hefur nú seinkað til muna, bæði vegna jarðhræringa á Reykjanesi og vegna Covid-19.

#### **Umhverfisstofnun fellst á uppfærða úrbótaáætlun rekstraraðila, með tilliti til aðstæðna, með því skilyrði að lífmassi fari ekki yfir 1500 tonn á hverjum tíma.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur